

Sveitarfélagið Ölfus
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn

Garðabær, 3. ágúst 2023
Málsnúmer: 202307-0024
IAS

Efni: Umsögn um skipulagslýsingu vegna breytingu á aðalskipulagi

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsgáttinni, dags. 17. júlí 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulags- og matslýsingu fyrir breytingu á aðalskipulagi vegna nýs orkuvinnslusvæðis fyrir Ölfusvirkjun.

Fyrirhugað er að byggja jarðvarmavirkjun sunnan við Fjallið eina í Ölfusi með framleiðslugetu allt að 9,8 MW af rafmagni og 49,5 MW af varma. Samkvæmt lýsingu er fyrirhugað að gera þrjú borteiga og bora fimm rannsóknarholur og 2-3 vatnsholur og ef rannsóknarholurnar reynast vel verður þeim breytt í vinnsluholur.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir lýsinguna og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Fyrirhugað orkuvinnslusvæði er á öröskuðu svæði sem skilgreint er sem óbyggt svæði í gildandi aðalskipulagi. Það er á vatnsverndarsvæði (fjarsvæði), að hluta til innan hverfisverndarsvæðis (H2) og á hraunum frá nútíma sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Engir vegir liggja að svæðinu en um það liggja bæði gönguleið og reiðleið.

Mikil stefnubreyting felst í því að breyta óbyggðu svæði yfir í iðnaðarsvæði undir jarðvarmavirkjun og þarf að skoða ítarlega hvaða áhrif rannsóknaboranirnar og virkjunin hefðu á gróður fuglalíf, jarðmyndanir og grunnvatn.

Í töflu 4.1 *Yfirlit yfir umhverfisþætti og matsspurningar* vantar Náttúrufræðistofnun Íslands sem samráðsaðila vegna umhverfisþátta: „1.1 Jarðfræði og jarðmyndanir“ og „5.2 Verndarsvæði og útivistarsvæði“ en það er eitt af lögbundum hlutverkum stofnunarinnar að meta verndargildi jarðminja og leiðbeina um hóflega nýtingu náttúruauðlinda.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum málsins.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur, á sviði náttúruverndar

